Skvetta falla hossa og hrista

Texti: Valgeir Sigurðsson

Lag: Heinz Gietz

Þær syngja:
Skvetta falla hossa og hrista, skvetta falla hossa og hrista
skvetta falla hossa og hrista, hrista stög og borð.

Út úr höfninni bylgjan ber, með sér bátinn sem er undir fótum mér.
Og hann vaggar vært og rótt, hann mun vagga mér í nótt.
Og við síður gutlar sjór, bylgja sérhver smá og stór. Syngur alveg í einum kór.

Þær syngja:
Skvetta falla hossa og hrista, skvetta falla hossa og hrista
skvetta falla hossa og hrista, hrista stög og borð.

Út á hafið er haldið brátt, þó að hafið það sé hvorki slétt né blátt.
Út úr augum ekki sér, því að óðum dimma fer.
Allt í kring er saltur sjór, bylgja sérhver smá og stór.
Syngur alveg í einum kór.
Þær syngja:
Láta marra hvessa kvissa, kvæsa urra messann kyssa
Skvetta falla hossa og hrista, skvetta falla hossa og hrista
skvetta falla hossa og hrista, hrista stög og borð.

Þó að tómleiki magnist minn, ég er messinn hér um borð í fysta sinn.
Ég skal standa af mér allt, þó að andi móti kalt.
Þó að rjúki saltur sjór, bylgja sérhver smá og stór.
Syng ég alveg í einum kór.

Þær syngja:
Láta marra hvessa kvissa, kvæsa urra messann kyssa
Skvetta falla hossa og hrista, skvetta falla hossa og hrista
skvetta falla hossa og hrista, hrista stög og borð.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.